Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. nóvember 2026
MSS26100078

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um Ártúnshöfða

Á fundi borgarráðs þann 22. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

> *Óskað er eftir minnisblaði um hvernig borgarstjóri og formaður borgarráðs hyggjast standa að samtali og samráði við atvinnurekendur og lóðarhafa á Ártúnshöfða og mögulegar bætur og úrbætur sem þeim hefur verið lofað af þeim. Eins er óskað eftir upplýsingum um hvort vinna sé farin af stað við að finna fyrirtækjunum framtíðarstaðsetningu í Reykjavík, raungerist brotthvarf þeirra af Ártúnshöfða eins og gert er ráð fyrir í skipulagi.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. nóvember sl.

Svar við fyrirspurn:
Uppbygging á Ártúnshöfða er eitt stærsta þróunar- og umbreytingarverkefni Reykjavíkurborgar á komandi árum. Fyrir liggur að breytingar á svæðinu munu hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila, þar á meðal atvinnurekendur og lóðarhafa sem þar starfa í dag. Samkvæmt verkefnalista Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar er ætlunin að leita lausna með lóðarhöfum að Ártúnshöfða sem standa á útrunnum lóðarleigusamningum án uppkaupsákvæða og er slíkt í undirbúningi. Af hálfu borgarinnar hefur verið lögð áhersla á að eiga opið og uppbyggilegt samtal við þá aðila sem málið varðar. Samráð við hagsmunaaðila mun áfram fara fram eftir því sem verkefninu vindur fram og innan þess ramma sem skipulags- og framkvæmdaráform á hverjum tíma gefa tilefni til.

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði hafa ekki verið gefin fyrirheit eða skuldbindingar um tilteknar bætur eða önnur sértæk úrræði gagnvart einstökum fyrirtækjum eða lóðarhöfum vegna fyrirhugaðrar þróunar svæðisins eða mögulega framtíðarstaðsetningu fyrirtækja. Eftir atvikum kunna þó að koma til skoðunar ýmis úrlausnarefni sem tengjast framkvæmd skipulagsáforma, réttindum hagsmunaaðila og þeim lagalega og stjórnsýslulega ramma sem um slíkt gildir.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Reykjavík